

Til Norðurlandaráðs

E 2/2023 – Svar við skriflegri fyrirspurn um norrænar næringarráðleggingar

Hvernig hyggst Norræna ráðherranefndin bregðast við þeirri gagnrýni sem beinst hefur að vinnu að norrænum næringarráðleggingum og þeirri hættu sem annmarkar á greiningum á afleiðingum geta haft í för með sér fyrir umhverfið og landsbyggðina?

Svar

Norrænar næringarráðleggingar (NNR) eru sjálfstætt vísindalegt rit sem stjórnvöld á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum hafa til grundvallar við útgáfu innlendra næringarráða. NNR innihalda ekki ráðleggingar og viðmið landanna heldur vísindaleg ráð til stjórnvalda í löndunum. Þegar skýrslan um NNR hefur verið unnin og henni skilað inn þurfa stjórnvöld í norrænu og baltnesku löndunum að vinna áfram með ráðleggingarnar og aðlaga þær að sínum eigin áherslum við útgáfu næringarráða sinna.

Þegar næringarráð landanna eru ákveðin þarf einnig að taka tillit til aðstæðna í hverju landi. Þegar kemur að sjálfbærni kunna áherslur landanna einnig að vera mismunandi. Þá ná NNR ekki til ráðlegginga um framleiðslu, landbúnaðaraðferðir og innlendar áherslur varðandi fæðuöryggi og viðbúnað heldur er þeim einungis ætlað að veita ráðleggingar varðandi neyslu.

Aðferðafræði og vísindalegum aðferðum er ítarlega lýst í skýrslunni sem var aðgengileg í 8 vikna umsagnarferli sem lauk þann 26. maí.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir því hvernig fulltrúar í stýrihópnum og í NNR2023-nefndinni voru valdir af norskum yfirvöldum heilbrigðis- og matvælamála. Um það bil 400 vísindamenn og sérfræðingar komu að starfinu sem höfundar og fulltrúar í ráðgjafahópum við vinnslu yfir 75 bakgrunnskafla. Allir þessir sérfræðingar eru nefndir í viðkomandi skjölum og í viðauka 1. Sérfræðingarnir voru valdir af NNR-nefndinni á grundvelli opinbers útboðs og eftir vandlegt mat á hæfni hvers og eins og reynslu sem tengist verkefninu. Til viðbótar við útboðið voru nokkrir sérfræðingar valdir eftir boð frá NNR2023-nefndinni. Við valið á sérfræðingunum var reynt að hafa réttláta skiptingu á milli norrænu landanna.



Allir bakgrunnskaflar um næringarefni, matvælaflokka, máltíða- og fæðumynstur hafa farið í gegnum opinbert samráðsferli, og einnig ítargögn um umhverfisþætti og fæðuneyslu. Fyrir fyrstu kaflana voru veittar fjórar vikur til ráðfæringar. Tímibilið var svo lengt upp í 8 vikur fyrir kafla sem skilað var inn til opinbers samráðs eftir maí 2022. Tekið var á móti þúsundum athugasemda og þær sendar áfram til höfunda til yfirferðar. NNR-nefndin hefur farið vandlega yfir allar umsagnir og þær hafa verið aðgengilegar á vefsvæði NNR 2023. Höfundar hafa svarað í stuttu máli hverri og einni athugasemd um næringarefni, fæðuflokka, máltíðamynstur og bakgrunnskafla um fæðumynstur.

Á verkefnistímanum hefur almenningi og öðrum hlutaðeigandi verið boðið að senda inn álit til NNR-nefndarinnar í gegnum vefsvæði NNR 2023. NNR-nefndin hefur farið vandlega yfir öll álit og athugasemdir og svör nefndarinnar hafa verið aðgengileg á vefsvæðinu. Að loknum verkefnistímanum verður sérstök skýrsla birt um öll álit og svör við opinberum umsögnum og opinberum álitum.

MR-FJLS

Svandís Svavarsdóttir

Matvælaráðherra, Íslandi